## 1. ORÐFLOKKAR — Fallorð, sagnorð, óbeygjanleg orð

Orðaforðanum má skipta eftir ýmsum einkennum í þrjá flokka; *fallorð*, *sagnorð* og *óbeygjanleg orð*. Fallorð fallbeygjast, sagnir tíðbeygjast en óbeygjanleg orð taka ekki neinum breytingum ef undan eru skilin nokkur atviksorð sem geta stigbreyst.

**Í þríhyrningnum eru alls 67 orð. Greindu þau í fallorð, sagnorð eða óbeygjanleg orð og skrifaðu orðin í viðeigandi ramma.**



gekk, reif, fleygði,
fannst, er, sneri, bað,
langaði, hringja,
komast, átti, hreif

12 orð

þarna, í, alltaf, af, og,
í, víst, en, með,
áreiðanlega, ekki, með,
feimnislega, að, og, um,
að, í, reyndar, heima,
handan, en, um, að, í,
greinilega

26 orð

hann, litlu, systur, sína,
útslitinni, kerru, hún, sér,
húfuna, götuna, honum,
hún, leiðinleg, slíkt,
óalgengt, systkini, hann,
manninum, hann, pening,
hann, sér, ömmu, sína, hún,
götunnar, tilhugsunin,
síma, hann

29 orð

Hann
gekk þarna
með litlu
systur sína í
útslitinni kerru.
Hún reif alltaf af
sér húfuna og fleygði
í götuna. Honum fannst
hún víst leiðinleg en slíkt
er áreiðanlega ekki óalgengt
með systkini. Feimnislega sneri
hann sér að manninum og bað
hann um pening. Hann langaði að
hringja í ömmu sína. Hún átti reyndar
heima handan götunnar en tilhugsunin
um að komast í síma hreif hann greinilega.

**forsetningar**
**atviksorð**
**samtengingar**
**nafnháttarmerki**
**upphrópanir**

**nafnorð**
**fornöfn**
**lýsingarorð**
**töluorð**
**greinir**

Í flokki óbeygjanlegra orða eru fimm mismunandi orðflokkar. Þeir heita *atviksorð, forsetningar, samtengingar, nafnháttarmerki og upphrópanir.*

**a) Bættu inn í setningarnar viðeigandi atviksorði til að fullgera þær. Notaðu hvert orð aðeins einu sinni.**
*alltaf, ágætlega, bráðum, hérna, strax, hvar, hvernig, sjaldan, út, vel*

Hann er hérna. Mig langar út. Komdu strax. Okkur líður vel. Ég fer bráðum í sund. Hvernig líður þér? Hvar er taskan mín? Þú gleymir alltaf að slökkva ljósin. Sjaldan er ein báran stök. Þetta er ágætlega unnið.

**b) Skrifaðu málsgrein sem inniheldur a.m.k. fimm atviksorð.**

Ég fer *víst* *áreiðanlega* *ekki* *aftur* *út* í dag.

**c) Greindu orðið *að* í eftirfarandi setningum. Gættu þess að orðið getur tilheyrt fjórum mismunandi orðflokkum eftir stöðu þess í setningu.**

Ég er að nhm. koma. Báturinn kom að ao.. Ég sagði að st. þú værir dugleg. Hann er að nhm. koma. Hvað er að fs. honum? Þú hélst að st. hann væri farinn. Hún dró hann að fs. sér. Hver er að nhm. syngja? Hvað er að ao.?

**d) Strikaðu undir forsetningarnar í eftirfarandi texta. Þær eru alls tólf.**

Bókin er **á** borðinu. Við ætlum **í** sund. Þetta er **handa** þér. Komdu **til** mín **á** morgun. **Vegna** veikinda þurfti að loka snemma. Hann er að lesa bókina **fyrir** Sverri. Ég gekk **kringum** vatnið. Sestu hérna **hjá** mér. Við förum ekki **án** hennar. **Frá** hverjum er þetta? Hann gekk **að** skýlinu.

**e) Strikaðu undir samtengingarnar í eftirfarandi texta.**

Ég á kött **og** hund. Þetta er bókin **sem** þú gafst mér. Vilt þú gulan **eða** bláan penna? Við sváfum **þegar** þau komu. Þessi köttur er alveg **eins og** kötturinn minn. **Þegar** hann kom var ég sofandi. Hún sagði **að** þú værir þreyttur. Þú spurðir **hvort** ég vildi koma með þér.

**f) Greindu óbeygjanlegu orðin í réttan orðflokk.**

Við sátum saman ao. og st. horfðum á fs. sjónvarpið þegar st. barið var harkalega ao. að fs. dyrum. Úti ao. stóð Jónas áhyggjufullur á fs. svipinn. „Ekki ao. vænti ég að st. þú hafir séð köttinn minn hérna ao. í fs. nágrenninu?" spurði hann. Sjaldan ao. hef ég séð mæddari mann. Það var eins og st. allar heimsins áhyggjur hvíldu á fs. herðum hans. Kötturinn hafði víst ao. aldrei ao. látið sig hverfa svona ao. fyrr ao.. „Jæja uh., er kötturinn horfinn? Hann er ekki ao. hér ao. hjá fs. mér en st. hefur þú leitað sunnan ao. við fs. tjörnina?" svaraði ég vingjarnlega ao..

Sumum finnst gott að muna heiti fornafnaflokkanna með því að leggja á minnið fyrsta stafinn í hverjum flokki.

ábendingarfornöfn (áfn.)
spurnarfornöfn (sfn.)
afturbeygt fornafn (afn.)
persónufornöfn (pfn.)
óákveðin fornöfn (ófn.)
eignarfornöfn (efn.)

Um fornöfn er t.d. fjallað á bls. 14 í *Málfinni*.

a) Felldu fornöfnin í svigunum rétt í eyðurnar.

Ég kannast ekki við (þessi) þennan kött en ég sá að hann þvoði (sig) sér vel. (Ég) Mig langar að eiga köttinn. Hann svaf lengi í kassanum með (allir) öllum kettlingunum (sinn) sínum. Kettlingarnir sváfu (allur) allan daginn. Ég þekki (enginn) engan sem vill eiga (þeir) þá. (Hver) Hvern (þeir) þeirra líst (þú) þér best á?

b) Greindu fornöfnin í textanum í rétta undirflokka.

Það pfn. eru áreiðanlega einhverjir ófn. sem ekki geta skilið þennan áfn. áhuga minn efn. á köttum. Mér pfn. finnst það pfn. skrítið því flestir eiga einhver ófn. áhugamál. Sumir ófn. elska hunda, aðrir ófn. hesta, fáeinir ófn. safna skordýrum.

c) Í textanum eru 20 fornöfn. Strikaðu undir þau og greindu í undirflokka.

Þegar við (pfn.) vorum búin að skoða alla (ófn.) kettlingana hennar (pfn.) fórum við (pfn.) heim til mín (efn.). Hvorugt (ófn.) okkar (pfn.) mundi eftir Tuma mínum (efn.). Það (pfn.) var ekki til neins (pfn.) að koma með einhverja (ófn.) afsökun núna, ég (pfn.) gat víst bara kennt sjálfri (ófn.) mér (pfn.) um þessa (áfn.) gleymsku. Hver (spn.) hefði trúað að ég (pfn.) gæti verið svona ferlega ómerkileg. Jónas bauð okkur (pfn.) heim til sín (efn.) en ég (pfn.) þurfti að fara og sækja Tuma.

d) Í einni málsgreininni eru þrjú *óákveðin fornöfn*. Merktu við hana.

- ❍ Hver ætlar að fara út í þessu leiðinda veðri?
- ☑ Sumir hafa víst engan áhuga á einhverjum gæludýrum.
- ❍ Allir krakkarnir hafa sýnt þessum ketti einhvern áhuga.
- ❍ Við gefum þessum ketti stundum nokkrar rækjur.

e) Merktu við málsgreinina sem inniheldur eitt *óákveðið fornafn* og eitt *ábendingarfornafn*.

- ❍ Þessi kona þekkti Jónas frænda minn vel.
- ❍ Þeir komu báðir hingað heim til mín.
- ☑ Hefur einhver ykkar séð þennan kött áður?
- ❍ Þeir sátu hjá okkur allan daginn.
- ❍ Mér finnst allt sem þú segir svo fyndið.

Orðflokkarnir eru alls ellefu; nafnorð, lýsingarorð, fornöfn, töluorð, greinir, sagnorð, atviksorð, forsetningar, samtengingar, nafnháttarmerki og upphrópun. Á blaðsíðum 32–34 í *Málfinni* eru leiðbeiningar sem geta hjálpað þér ef þú lendir í vandræðum.

**a) Greindu eftirfarandi texta í orðflokka, fornöfn í undirflokka. Orð sem tilheyra óbeygjanlega flokknum eru græn. Þau geta verið forsetning, atviksorð, samtenging, nafnháttarmerki eða upphrópun. Önnur orð eru ýmist fallorð eða sagnorð. Orðin eru alls 64.**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kötturinn | no. | og | st. | gamalli | lo. | hennar. | pfn. |
| minn | efn. | loðinn. | lo. | konu | no. | Þegar | st. |
| heitir | so. | Mjög | ao. | sem | st. | konan | no. |
| Tumi. | no. | margir | lo. | býr | so. | vildi | so. |
| Feldurinn | no. | eru | so. | í | fs. | ná | so. |
| hans | pfn. | hræddir | lo. | næsta | lo. | Tuma | no. |
| er | so. | við | fs. | húsi. | no. | sýndi | so. |
| dökkgrár | lo. | hann. | pfn. | Hann | pfn. | hann | pfn. |
| og | st. | Einu | ófn. | kom | so. | henni | pfn. |
| augun | no. | sinni | no. | sér | afn. | klærnar. | no. |
| gul. | lo. | fór | so. | vel | ao. | Þá | ao. |
| Hann | pfn. | hann | pfn. | fyrir | ao. | ákvað | so. |
| er | so. | inn | ao. | ofan | ao. | konan | no. |
| alveg | ao. | um | fs. | á | fs. | að | nhm. |
| ótrúlega | ao. | glugga | no. | mjúku | lo. | sækja | so. |
| stór | lo. | hjá | fs. | rúminu | no. | hjálp. | no. |

b) Myndaðu setningar sem samsettar eru á eftirfarandi hátt:

*Dæmi: no. + so. + no. + st. + no. + so. + fs. + no.* *Maðurinn les bók og konan horfir á sjónvarp.*

1. lo. + no. + so. + lo. + no. + ao.

T.d. Litli drengurinn fékk gulan bolta áðan.

2. fn. + lo. + no.+ so. + fn. + no. + fs. + no. + fn.

T.d. Þessi stóra stelpa sagði öllum brandara í veislunni minni.

a) Greindu eftirfarandi texta í orðflokka, fornöfn í undirflokka. Orðin eru alls 15.

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Konan | no. | séð | so. | sitja | so. | glugga. | no. | ekki | ao. |
| hefur | so. | þennan | áfn. | úti | úti | Hún | pfn. | eiga | so. |
| oft | ao. | kött | ao. | í | fs. | vill | so. | dýr. | no. |

b) Greindu eftirfarandi texta í orðflokka, fornöfn í undirflokka. Orðin eru alls 25.

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „Með | fs. | söng | no. | niður | ao. | lágu | lo. | kakó | no. |
| sól | no. | á | fs. | í | fs. | kjarri | no. | hitum | so. |
| í | fs. | vörum | no. | grænni | lo. | við | pfn. | og | st. |
| hjarta | no. | við | pfn. | laut, | no. | kveikjum | so. | eldum | so. |
| og | st. | setjumst | so. | í | fs. | eldinn, | no. | graut." | no. |

c) Greindu eftirfarandi texta í orðflokka, fornöfn í undirflokka. Orðin eru alls 25.

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „Allt | ófn. | og | st. | komið | so. | blíða." | no. | þessa | áfn. |
| fram | ao. | dagar | no. | hrímkalt | lo. | Veist | so. | fallegu | lo. |
| streymir | so. | líða. | so. | haust | no. | þú | pfn. | og | st. |
| endalaust, | ao. | Nú | ao. | horfin | so. | hver | spfn. | hugljúfu | lo. |
| ár | no. | er | so. | sumars | no. | orti | so. | stöku? | no. |

d) Greindu eftirfarandi texta í orðflokka, fornöfn í undirflokka. Orðin eru alls 44.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Margir | lo. | „Stóð | so. | komu | so. | bar | so. |
| þekkja | so. | ég | ég | skarar, | no. | þá | pfn. |
| þennan | áfn. | úti | ao. | af | fs. | að | fs. |
| fallega | lo. | í | fs. | álfum | no. | mér | pfn. |
| texta | no. | tunglsljósi, | no. | var | so. | skjótt, | ao. |
| eftir | fs. | stóð | so. | þar | ao. | og | st. |
| sjálft | ófn. | ég | pfn. | nóg. | lo. | bjöllurnar | no. |
| þjóðskáldið | no. | út | ao. | Blésu | so. | gullu | so. |
| okkar, | pfn. | við | fs. | þeir | pfn. | á | fs. |
| Jónas | no. | skóg, | no. | á | fs. | heiðskírri | lo. |
| Hallgrímsson. | no. | stórir | lo. | sönglúðra, | no. | nótt." | no. |

a) Skrifaðu svigaorðin rétt í eyðurnar. Stundum þarf að breyta um tölu orðsins. Gættu vel að samhengi orðanna.

Þeir komu að (fjörðurinn) firðinum um kvöldið. Hann hélt út á (ísjakinn) ísjakann í birtingu. Gættu þess að hrapa ekki fram af (kletturinn) klettinum. Gloppur voru í varnarkerfi (forritið) forritsins. Auglýsing (flokkurinn) flokksins hafði áhrif. Við hlupum heim til (hann) hans. Ástæða (hungursneyðin) hungursneyðarinnar var stríðsátök. Hljómsveitin lék af (fingur) fingrum fram. Konan fagnaði (bróðirinn) bróðurnum. Þeir stofnuðu (leiðangurinn) leiðangrinum í mikla hættu. (10 atriði)

b) Skrifaðu svigaorðin rétt í eyðurnar. Stundum þarf að breyta um tölu orðsins. Gættu vel að samhengi orðanna.

Hún fékk lánaðan bíl (bróðir) bróður síns. Ég á (tveir) tvenn skæri en finn (hvorugur) hvorug þeirra. Útlit (tölvan) tölvunnar breytist sífellt. Boltinn snerti varla (fingurnir) fingurna. Breyting (áætlunin) áætlunarinnar olli miklum töfum. Hefur þú séð (mælirinn) mælinn? Ég ferðast oft til (annar) annarra landa. Sumt verður ekki metið til (fé) fjár. Enn mun reimt á (Kjölur) Kili. Ég á (ýmiss) ýmissa kosta völ. Þetta er til (enginn) einskis. Við keyptum einn (lítri) lítra af mjólk. Ég geymi þetta í gömlum (kistill) kistli. Hún er hjá (læknirinn) lækninum. (15 atriði)

c) Skrifaðu svigaorðin rétt í eyðurnar. Stundum þarf að breyta um tölu orðsins. Gættu vel að samhengi orðanna.

Mjólkin er í (kælirinn) kælinum. Ég sá (Reynir Snær) Reyni Snæ fara til (Guðlaug Rut) Guðlaugar Rutar. Regnið lamdi glugga (húsið) hússins. Þeir náðu loks til (stöðin) stöðvarinnar. Veggir (göngin) ganganna eru blautir. Við sögðum þetta þeim til (huggun) huggunar. Faðirinn kyssti (brúðurin) brúðina. Ég keypti mér (tveir) tvennar buxur. Það logar glatt í (arininn) arninum. Við hittumst á (morgunn) morgun. Krakkarnir gáfu (Ester) Ester blóm. Ég rak sögina í (fingurnir) fingurna. (15 atriði)

Ýmis sérnöfn hafa flókna beygingu. Þegar fólk ber tvö nöfn þarf að gæta þess að beygja þau bæði. Í bókinni *Íslensk mannanöfn* má finna útskýringar og dæmi um flest íslensk mannanöfn. Flettu upp í henni ef þú ert í vafa um beygingu nafna t.d. í eftirfarandi verkefnum.

a) Fallbeygðu eftirfarandi nöfn.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| nefnifall | *Ýr* | *Sóley* | *Birkir* | *Egill* | *Hjörtur* |
| þolfall | Ýri | Sóleyju | Birki | Egil | Hjört |
| þágufall | Ýri | Sóleyju | Birki | Agli | Hirti |
| eignarfall | Ýrar | Sóleyjar | Birkis | Egils | Hjartar |

b) Fallbeygðu eftirfarandi nöfn.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| nefnifall | *Diljá* | *Sif* | *Björg* | *Björk* | *Már* |
| þolfall | Diljá | Sif | Björgu | Björk | Má |
| þágufall | Diljá | Sif | Björgu | Björk | Má |
| eignarfall | Diljár | Sifjar | Bjargar | Bjarkar | Más |

c) Fallbeygðu eftirfarandi nöfn.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| nefnifall | *Sverrir* | *Jökull* | *Óðinn* | *Kjartan* | *Baldur* |
| þolfall | Sverri | Jökul | Óðin | Kjartan | Baldur |
| þágufall | Sverri | Jökli | Óðni | Kjartani | Baldri |
| eignarfall | Sverris | Jökuls | Óðins | Kjartans | Baldurs |

d) Fallbeygðu eftirfarandi staðarnöfn.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| nefnifall | *Selfoss* | *Sauðárkrókur* | *Akranes* | *Vestmannaeyjar* |
| þolfall | Selfoss | Sauðárkrók | Akranes | Vestmannaeyjar |
| þágufall | Selfossi | Sauðárkróki | Akranesi | Vestmannaeyjum |
| eignarfall | Selfoss | Sauðárkróks | Akraness | Vestmannaeyja |

e) Fallbeygðu eftirfarandi staðarnöfn.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| nefnifall | *Reykjavík* | *Hornafjörður* | *Kópavogur* | *Neskaupstaður* |
| þolfall | Reykjavík | Hornafjörð | Kópavog | Neskaupstað |
| þágufall | Reykjavík | Hornafirði | Kópavogi | Neskaupstað |
| eignarfall | Reykjavíkur | Hornafjarðar | Kópavogs | Neskaupstaðar |

## Hættir




a) Þegar þú skoðar sögnina *syngja* í eftirfarandi setningum sérðu að hún kemur fyrir í sex mismunandi háttum. Skráðu hvern hátt sagnarinnar á viðeigandi stað hér að ofan.

Jón *syngur.* Þótt Jón *syngi.* Jón, *syngdu.* Jón er að *syngja.* Jón er *syngjandi.* Jón hefur *sungið.*

b) Útskýrðu nákvæmlega hvaða munur er á *persónuháttum* og *fallháttum.*

Sagnir í persónuhætti breytast eftir persónum og tíð. Sagnir í fallhætti eru alltaf eins enda beygjast þær ekki eftir persónu og tíð.

c) Skrifaðu eftirfarandi sagnir í dálkana í mismunandi háttum á sama hátt og gert er við sögnina *lesa*:

*skrifa, sofa, hlaupa, gráta, borða, læra, finna, horfa, bíta.*

| framsöguháttur nútíð | framsöguháttur þátíð | nafnháttur |
|---|---|---|
| *les* | *las* | *lesa* |
| skrifa, sef, hleyp, græt, borða, læri, finn, horfi, bít | skrifaði, svaf, hljóp, grét, borðaði, lærði, fann, horfði, beit | skrifa, sofa, hlaupa, gráta, borða, læra, finna, horfa, bíta |

| viðtengingarháttur nútíð | viðtengingarháttur þátíð | lýsingarháttur nútíðar |
|---|---|---|
| *lesi* | *læsi* | *lesandi* |
| skrifi, sofi, hlaupi, gráti, borði, læri, finni, horfi, bíti | skrifaði, svæfi, hlypi, gréti, borðaði, lærði, fyndi, horfði, biti | skrifandi, sofandi, hlaupandi, grátandi, borðandi, lærandi, finnandi, horfandi, bítandi |

| boðháttur | lýsingarháttur þátíðar |
|---|---|
| *lestu* | *lesið* |
| skrifaðu, sofðu, hlauptu, gráttu, borðaðu, lærðu, finndu, horfðu, bíttu | skrifað, sofið, hlaupið, grátið, borðað, lært, fundið, horft, bitið |

a) Greindu hátt sagnanna í textanum.

Jónas las fh. bók í gær. Hann hefur fh. oft lesið lh.þt. bækur. Hann vill fh. helst lesa nh. bækur um ketti. Sumir eru fh. mjög hrifnir af köttum. Aðrir segja fh. að þeir séu vh. alltaf mjálmandi lh.nt. og vilja fh. ekki sjá nh. þá. Sumir væru vh. vísir með að gefa nh. þeim of lítið að borða nh.. Það þætti vh. nú ekki gott. Við ættum vh. að gefa nh. Jónasi lítinn hamstur í jólagjöf. Hann hefur fh. aldrei átt lh.þt. hamstur.

b) Í fremri dálki, sem merktur er A, eru textar sem innihalda tvær sagnir í ýmsum háttum. Skrifaðu á línuna þann bókstaf úr dálki B sem við á. Hverja fullyrðingu úr dálki B má nota einu sinni, oftar en einu sinni eða aldrei:

| | | A | | B |
|---|---|---|---|---|
| 1 | d | Keppnin var býsna flókin en Hróðnýju gekk vel. | a) | Í textanum er ein sögn í framsöguhætti og ein í nafnhætti. |
| 2 | g | Lengi var óvíst hver ynni keppnina. | b) | Í textanum eru tvær sagnir í viðtengingarhætti. |
| 3 | c | Hróðný Sif hefur aldrei keppt áður. | c) | Í textanum er ein sögn í framsöguhætti og ein í lýsingarhætti þátíðar. |
| 4 | d | Hróðný Sif hoppaði og dansaði af gleði. | d) | Í textanum eru tvær sagnir í framsöguhætti. |
| 5 | g | Hróðný Sif sagði að sig langaði mikið í þessa keppni. | e) | Í textanum er ein sögn í boðhætti og ein í viðtengingarhætti. |
| 6 | d | Svilkona hennar kom og sagði henni ótrúlega sögu. | f) | Í textanum er ein sögn í framsöguhætti og ein í boðhætti. |
| 7 | g | Hróðný Sif faðmaði svilkonu sína þótt hún væri reið. | g) | Í textanum er ein sögn í framsöguhætti og ein í viðtengingarhætti. |
| 8 | a | Svilkona Hróðnýjar ætlar ekki að taka þátt í keppninni. | h) | Í textanum er ein sögn í framsöguhætti og ein í lýsingarhætti nútíðar. |
| 9 | h | Sumir þátttakendur voru syngjandi í keppninni. | | |
| 10 | e | Vandaðu þig nú svo allt verði rétt hjá þér. | | |

## a) Sterkar sagnir

Beygðu sagnirnar í kennimyndum. Myndaðu viðtengingarhátt nútíðar og þátíðar.

| 1. km. nafnháttur | 2. km. 1.p. et. þt. | 3. km. 1.p. ft. þt. | 4. km. lh.þt. | vh. nt. 1.p. et. | vh. þt. 1.p. et. |
|---|---|---|---|---|---|
| aka | *ók* | *ókum* | *ekið* | *aki* | *æki* |
| ala | ól | ólum | alið | ali | æli |
| auka | jók | jukum/ukum | aukið | auki | jyki/yki |
| binda | batt | bundum | bundið | bindi | byndi |
| bjóða | bauð | buðum | boðið | bjóði | byði |
| frjósa | fraus | frusum | frosið | frjósi | frysi |
| grafa | gróf | grófum | grafið | grafi | græfi |
| kvíða | kveið | kviðum | kviðið | kvíði | kviði |
| líta | leit | litum | litið | líti | liti |
| valda | olli | ollum | valdið | valdi | ylli |

## b) Veikar sagnir og ri-sagnir

Beygðu sagnirnar í kennimyndum. Myndaðu viðtengingarhátt nútíðar og þátíðar.

| 1. km. nafnháttur | 2. km. 1.p. et. þt. | 3. km. lh. þt. | vh. nt. 1.p. et. | vh. þt. 1.p. et. | |
|---|---|---|---|---|---|
| benda | benti | bent | bendi | benti | |
| hlakka | hlakkaði | hlakkað | hlakki | hlakkaði | |
| skilja | skildi | skilið | skilji | skildi | |
| smíða | smíðaði | smíðað | smíði | smíðaði | |
| gróa | greri | gróið | grói | greri | |
| róa | reri | róið | rói | reri | |

## c) Núþálegar sagnir

Beygðu sagnirnar í kennimyndum. Myndaðu viðtengingarhátt nútíðar og þátíðar.

| 1. km. nafnháttur | 2. km. 1.p. et. nt. | 3. km. 1.p. et. þt. | 4. km. lh. þt. | vh. nt. 1.p. et. | vh. þt. 1.p. et. |
|---|---|---|---|---|---|
| eiga | á | átti | átt | eigi | ætti |
| kunna | kann | kunni | kunnað | kunni | kynni |
| vilja | vil | vildi | viljað | vilji | vildi |
| þurfa | þarf | þurfti | þurft | þurfi | þyrfti |

## 11c SAGNORÐ

a) Beygðu sagnirnar í kennimyndum. Finndu orsakasögn sem mynduð er af annarri kennimynd sagnanna. Beygðu orsakasögnina líka í kennimyndum.

| | | | |
|---|---|---|---|
| hníga | hneig | hnigum | hnigið |
| | hneigja | hneigði | hneigt |
| njóta | naut | nutum | notið |
| | neyta | neytti | neytt |
| rísa | reis | risum | risið |
| | reisa | reisti | reist |

b) Myndaðu orsakasögn af þessum sögnum.

| | | | |
|---|---|---|---|
| bíta | beita | drífa | dreifa |
| fara | færa | fljóta | fleyta |
| fjúka | feykja | líta | leita |
| rjúka | reykja | sjóða | seyða |
| smjúga | smeygja | skjóta | skeyta |
| þjóta | þeyta | þrífa | þreifa |

## 12c SAGNORÐ

Ópersónulegar sagnir eru aðeins notaðar í *þriðju persónu eintölu*. Fallorð í aukafalli, sem stendur með ópersónulegri sögn, ákvarðar aldrei persónu eða tölu sagnarinnar.

a) Strikaðu undir sex ópersónulegar sagnir í textanum.

Jónas langar að fara í sumarleyfi. Honum finnst gaman að ferðast. Hann ætlar með köttinn sinn í sumarleyfið. Hann skortir ekki kjarkinn. Tumi hlakkar víst mikið til. Mig dreymir um að eignast nýjan bíl. Hann vantar meira pláss fyrir farangurinn. Í gær skoðaði hann jeppa. Mér sýnist margir kettir komast fyrir í honum.

b) Skrifaðu setningar með sögninni *vanta*. Notaðu fornöfnin a) hún, b) þeir og c) *hann*.

a) Hana vantar þetta. b) Þá vantar þetta. c) Hann vantar þetta.

## 13c SAGNORÐ

| Áhrifssögn stýrir falli. | Áhrifslaus sögn stýrir ekki falli. |
|---|---|
| Guðmundur keypti *bát*. (þf.) | Hann heitir *Guðmundur*. (nf.) |
| Hann málaði *bátinn*. (þf.) | Hann er *skipstjóri*. (nf.) |

Strikaðu undir fjórar áhrifssagnir í textanum.

Maðurinn heitir Jónas. Hann á stóran kött sem heitir Tumi. Tumi veiðir aldrei mýs. Hann borðar alltaf fisk og kjöt. Tumi sefur í litlu rúmi við hliðina á Jónasi. Rúmið er mjög mjúkt. Tumi elskar rúmið sitt. Stundum sefur Tumi í rúminu hans Jónasar. Rúmið hans er stórt.

## 14. SAGNORÐ — Myndir sagna

| germynd | miðmynd | þolmynd |
|---|---|---|
| Ég klæði barnið. | Barnið klæðist. | Barnið er klætt í fötin. |

**a) Breyttu germyndarsetningunum í a) þolmynd b) miðmynd.**

Ég bakaði köku í ofninum.
a) Kakan var bökuð í ofninum.
b) Kakan bakaðist í ofninum.

Við breyttum textanum.
a) Textanum var breytt.
b) Textinn breyttist.

**b) Greindu mynd sagnanna í textanum.**

Ég skrifa gm.. Þú skrifar gm.. Ég les gm. bók. Þú lest gm. bók. Ég beið gm. lengi. Þú beiðst gm. lengi. Þú bíður gm. lengi. Hann bjóst mm. við þessu. Tillagan var samþykkt þm.. Þeir héldu gm. af stað. Tónleikarnir voru haldnir þm. í gær. Þau haldast mm. í hendur. Þau læstust mm. inni. Hún læsti gm. á eftir sér. Hún læst mm. ekki sjá þetta. Hún kyssti gm. strákinn. Strákurinn kyssti gm. hana. Þau kysstust mm.. Þau hittast mm. sjaldan. Ég hitti gm. þig sjaldan. Vegurinn var lagfærður þm. . Þau komu gm. heim í gær. Komdu gm. fljótt aftur. Þú hljópst gm. á þig. Ég fór gm.. Þú fórst gm..

## 15. SAGNORÐ — Fullgreining

Ath. Ópersónulegar sagnir eru aðeins notaðar í 3.p. et.

**Greindu öll beygingaratriði sagnanna í setningunum.**

| | tala | pers. | tíð | háttur | mynd | beyging |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Við *stungum* saman nefjum. | ft. | 1.p. | þt. | fh. | gm. | s.b. |
| Hverjum *þykir* sinn fugl fagur. | et. | 3.p. | nt. | fh. | gm. | v.b. |
| Eftir höfðinu *dansa* limirnir. | ft. | 3.p. | nt. | fh. | gm. | v.b. |
| Þér *líst* ekki á blikuna. | et. | 2.p. | nt. | fh. | mm. | s.b. |
| Þeir *heltust* að lokum úr lestinni. | ft. | 3.p. | þt. | fh. | mm. | v.b. |
| Við *snúum* nú bökum saman. | ft. | 1.p. | nt. | fh. | gm. | b.b. |
| Ég *gæti* hófs í þessu máli. | et. | 1.p. | nt. | fh. | gm. | v.b. |
| Þú *tækir* víst seint í taumana. | et. | 2.p. | þt. | vh. | gm. | s.b. |

a) Hvað heita hljóðbreytingarnar sem koma fram í stofni eftirfarandi orða?

| orð | hljóðbreyting | orð | hljóðbreyting |
|---|---|---|---|
| á – ær | i-hljóðvarp | hérað – héruð | u-hljóðvarp |
| auga – eygja | i-hljóðvarp | hús – háhýsi | i-hljóðvarp |
| barn – börn | u-hljóðvarp | klífa – klif | hljóðskipti |
| bati – bót | hljóðskipti | kólna – kæla | i-hljóðvarp |
| berg – bjarg | klofning | kú – kýr | i-hljóðvarp |
| berg – björg | klofning | lag – lög | u-hljóðvarp |
| bíta – beita | hljóðskipti | líta – leita | hljóðskipti |
| blautur – bleyta | i-hljóðvarp | lúta – laut | hljóðskipti |
| dagur – hádegi | i-hljóðvarp | mjúkur – mýkri | i-hljóðvarp |
| drepa – dráp | hljóðskipti | móðir – mæður | i-hljóðvarp |
| fara – ferð | i-hljóðvarp | nágranni – nágrönnum | u-hljóðvarp |
| fara – för | u-hljóðvarp | rámur – rómur | hljóðskipti |
| fell – fjall | klofning | rjúka – rauk | hljóðskipti |
| ferð – fjörður | klofning | róa – rær | i-hljóðvarp |
| finna – fundur | hljóðskipti | sækja – sótti | hljóðskipti |
| flaug – fleygja | i-hljóðvarp | sakir – sök | u-hljóðvarp |
| flokkur – flykkjast | i-hljóðvarp | segl – sigla | i-hljóðvarp |
| fórum – færi | hljóðskipti | síga – seig | hljóðskipti |
| gefa – gjöf | klofning | þak – þekja | i-hljóðvarp |

b) Skrifaðu orð í vinstri dálkinn myndað með hljóðbreytingunni sem tiltekin er í hægri dálki.

| | | | |
|---|---|---|---|
| *sonur – synir* | i-hljóðvarp | fell – fjall | klofning |
| regn – rigning | i-hljóðvarp | rífa – reif | hljóðskipti |
| sannur – sönn | u-hljóðvarp | blautur – bleyta | i-hljóðvarp |

c) Finndu skyld orð sem mynduð eru með hljóðbreytingum.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| bera | burður | bráðna | bræddur | flaug | fleygja |
| gata | krossgötur | gras | gresja | gróður | græða |

a) Greindu textann í setningarhluta.

| | setn.hl. | | setn.hl. | | setn.hl. | | setn.hl. | | setn.hl. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Edda | frl. | fer | us. | hérna | al. | Páll | frl. | Ísinn | frl. |
| les | us. | oft | al. | hjá | } fl. | borðar | us. | er | us. |
| bók. | andl. | í | } fl. | mér. | | ís | andl. | kaldur | sf. |
| Bók | andl. | sund. | | Hann | frl. | en | tl. | en | st. |
| les | us. | Blái | eink. | er | us. | Þór | frl. | mjólkin | frl. |
| Edda. | frl. | bíllinn | frl. | mjög | al. | drekkur | us. | er | us. |
| Anna | frl. | er | us. | stór. | sf. | mjólk. | andl. | volg. | sf. |

b) Greindu eftirfarandi texta í orðflokka og setningarhluta.

| | orðfl. | setn.hl. | | orðfl. | setn.hl. | | orðfl. | setn.hl. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nokkrir | ófn. | eink. | inn | ao. | al. | Þessi | áfn. | eink. |
| krakkar | no. | frl. | um | fs. | } fl. | kona | no. | frl. |
| sáu | so. | us. | gluggann | no. | | er | so. | us. |
| Tuma | no. | andl. | hjá | fs. | | líklega | ao. | al. |
| í | fs. | } fl. | gömlu | lo. | eink. } fl. | mjög | ao. | al. |
| dag | no. | | konunni | no. | | hrædd | lo. | sf. |
| þegar | st. | tl. | í | fs. | | við | fs. | |
| hann | pfn. | frl. | næsta | lo. | eink. } fl. | stóra | lo. | eink. } fl. |
| skreið | so. | us. | húsi. | no. | | ketti. | no. | |

c) Greindu eftirfarandi texta í orðflokka og setningarhluta.

| | orðfl. | setn.hl. | | orðfl. | setn.hl. | | orðfl. | setn.hl. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ljóðið | no. | eink. | „Liðið | so. | ss.us. | enn | ao. | al. |
| Áfangar | no. | frl. | er | so. | ss.us. | mun | so. | ss.us. |
| hefst | so. | us. | hátt | ao. | frl. | þó | ao. | al. |
| á | fs. | | á | fs. | | reimt | so. | ss.us. |
| þessum | áfn. | eink. } fl. | aðra | to. | eink. } fl. | á | fs. | } fl. |
| orðum: | no. | | öld; | no. | | Kili." | no. | |

# 18. FULLGREINING I

Fullgreining reynir töluvert á kunnáttu í málfræði og hún er einnig nákvæmnisvinna. Sumir kalla það íþrótt að leysa svona verkefni!

**Orðflokkar:** no., lo., to., fn., gr., so., fs., ao., st., uh., nhm.
**Setningarhlutar:** frumlag, umsögn, andlag, sagnfylling, forsetningarliður, atviksliður, tengiliður, einkunn

**Kyn:** kk., kvk., hk.
**Pers.:** 1., 2., 3.
**Mynd:** gm., þm., mm.

**Tala:** et., ft.
**Tíð:** nt., þt.
**Háttur:** fh., vh., bh., nh., lh. nt., lh. þt.

**Fall:** nf., þf., þgf., ef.
**Beyging:** v.b., s.b., b.b.

Þú getur rifjað upp skammstafanir í málfræði á bls. 55 í Málfinni.

a) Greindu öll orðin í orðflokka og setningarhluta. Fullgreindu fallorð og sagnorð.
Gættu þess að skrifa ekki í skyggðu reitina.

| | orðfl. | kyn | tala | fall | pers. | háttur | tíð | mynd | beyg. | setn.hl. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hesturinn | no. | kk. | et. | nf. | | | | | s.b. | frl. |
| hennar | pfn. | kvk. | et. | ef. | | | | | | eink. |
| Freydísar | no. | kvk | et. | ef. | | | | | s.b. | eink. |
| er | so. | | et. | | 3.p. | fh. | nt. | gm. | s.b. | us. |
| mjög | ao. | | | | | | | | | al. |
| hastur. | lo. | kk. | et. | nf. | | | | | s.b. | sf. |

b) Greindu öll orðin í orðflokka og setningarhluta. Fullgreindu fallorð og sagnorð.
Gættu þess að skrifa ekki í skyggðu reitina.

| | orðfl. | kyn | tala | fall | pers. | háttur | tíð | mynd | beyg. | setn.hl. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Vinur | no. | kk. | et. | nf. | | | | | s.b. | frl. |
| minn | efn. | kk. | et. | nf. | | | | | | eink. |
| á | fs. | | | | | | | | | } fl. |
| Selfossi | no. | kk. | et. | þgf. | | | | | s.b. | } fl. |
| á | so. | | et. | | 3.p. | fh. | nt. | gm. | b.b. | us. |
| fallegan | lo. | kk. | et. | þf. | | | | | s.b. | eink. |
| hest | no. | kk. | et. | þf. | | | | | s.b. | andl. |
| sem | st. | | | | | | | | | tl. |
| heitir | so. | | et. | | 3.p. | fh. | nt. | gm. | s.b. | us. |
| Öngull. | no. | kk. | et. | nf. | | | | | s.b. | sf. |

a) Greindu öll orðin í orðflokka og setningarhluta. Fullgreindu fallorð og sagnorð. Gættu þess að skrifa ekki í skyggðu reitina.

| | orðfl. | kyn | tala | fall | pers. | háttur | tíð | mynd | beyg. | setn.hl. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sigga | no. | kvk. | et. | nf. | | | | | v.b. | frl. |
| fer | so. | | et. | | 3.p. | fh. | nt. | gm. | s.b. | us. |
| stundum | ao. | | | | | | | | | al. |
| í | fs. | | | | | | | | | } |
| langar | lo. | kvk. | ft. | þf. | | | | | s.b. | eink. } fl. |
| ferðir | no. | kvk. | ft. | þf. | | | | | s.b. | } |
| til | fs. | | | | | | | | | } fl. |
| útlanda | no. | hk. | ft. | ef. | | | | | s.b. | } |
| á | fs. | | | | | | | | | } fl. |
| sumrin. | no. | hk. | ft. | þf. | | | | | s.b. | } |

b) Greindu öll orðin í orðflokka og setningarhluta. Fullgreindu fallorð og sagnorð. Gættu þess að skrifa ekki í skyggðu reitina.

| | orðfl. | kyn | tala | fall | pers. | háttur | tíð | mynd | beyg. | setn.hl. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Elsa | no. | kvk. | et. | nf. | | | | | v.b. | frl. |
| og | st. | | | | | | | | | tl. |
| Lísa | no. | kvk. | et. | nf. | | | | | v.b. | frl. |
| hittast | so. | | ft. | | 3.p | fh. | nt. | mm. | v.b. | us. |
| stundum | ao. | | | | | | | | | al. |
| heima | ao. | | | | | | | | | al. |
| hjá | fs. | | | | | | | | | } |
| gömlu | lo. | kvk. | et. | þgf. | | | | | v.b. | eink. } fl. |
| konunni | no. | kvk. | et. | þgf. | | | | | v.b. | } |
| í | fs. | | | | | | | | | } |
| gula | lo. | hk. | et. | þgf. | | | | | v.b. | eink. } fl. |
| húsinu. | no. | hk. | et. | þgf. | | | | | s.b. | } |

1. Greindu öll orðin í orðflokka, fornöfnin í undirflokka.

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Við | pfn. | bráðum | ao. | Hver | sfn. | þennan | áfn. | kettirnir | no. |
| förum | so. | til | fs. | ykkar | pfn. | kött? | no. | eru | so. |
| líklega | ao. | Spánar. | no. | á | so. | Báðir | ófn. | gráir. | lo. |

2. Greindu öll orðin í orðflokka, fornöfnin í undirflokka.

Frændi no. minn efn. fer so. mjög ao. oft ao. í fs. vont lo. skap no. þegar st. enginn ófn. nennir so. að nhm. hlusta so. á fs. hann pfn. segja so. langar lo. sögur no. af fs. gráhærða lo. karlinum no. sem st. býr so. í fs. næsta lo. húsi no..

3. Skrifaðu eftirfarandi nöfn í eignarfalli.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Baldur | Baldurs | Guðný | Guðnýjar | Margrét | Margrétar | Steinunn | Steinunnar |
| Birkir | Birkis | Héðinn | Héðins | Sif | Sifjar | Ýr | Ýrar |
| Egill | Egils | Hjörtur | Hjartar | Sóley | Sóleyjar | Þórarinn | Þórarins |

4. Skrifaðu:

no. *bróðir* í ef. et. m.gr. bróðurins

fn. *annar* í kvk. et. ef. annarrar

no. *himinn* í et. þgf. m.gr. himninum

lo. *hár* í kk. et. est. hæstur

5. Greindu kyn, tölu, fall og beygingu nafnorðanna. Taktu fram hvort þau hafi greini eða ekki.

| orð | kyn | tala | fall | beyging | greinir |
|---|---|---|---|---|---|
| verksins | kk. | et. | ef. | s.b. | m.gr. |
| tölvunnar | kvk. | et. | ef. | v.b. | m.gr. |
| hugsunum | kvk. | ft. | þgf. | s.b. | án gr. |
| þreytunni | kvk. | et. | þgf. | v.b. | m.gr. |

6. Gerðu grein fyrir skýringunum sem fylgja eftirfarandi orðum:

a) písl, -ar, -ir kv. ef. et. er píslar, nf. ft. er píslir. Kvenkynsnafnorð.

b) þorri, -a k. ef. et. er þorra, orðið er ekki til í fleirtölu. Karlkynsnafnorð.

c) forlög ft., h. Fleirtöluorð, þ.e. orðið er ekki til í eintölu. Hvorugkynsnafnorð.

7. Skrifaðu tvö orð sem hafa:

eitt atkvæði mús, hús

tvö atkvæði skóli, hestur

þrjú atkvæði Aðalbjörg, útihús, úrkoma

8. Skrifaðu tvö orð sem hefjast á:

einhljóða epli, illur

tvíhljóða ást, eyra

samhljóða pera, þrír

9. Finndu samheiti orðanna:

bleyða skræfa

fata skjóla

frægð frami

hörund húð

skammur stuttur

stúlka snót

10. Merktu við það orð sem hefur sértækasta merkingu.

- ❍ dýr
- ❍ húsdýr
- ❍ köttur
- ❍ spendýr
- ☑ Tumi

11. Merktu við það orð sem hefur víðtækasta merkingu.

- ☑ fatnaður
- ❍ kápa
- ❍ ullarkápa
- ❍ vetrarfatnaður
- ❍ yfirhöfn

12. Skrifaðu setningar með eftirfarandi lýsingarorðum í kvk. et. est.

háll: hálust

hár: hæst

stór: stærst

vondur: verst

13. Hvað heita hljóðbreytingarnar sem koma fram í eftirfarandi orðum?

blautur – bleyta i-hljóðvarp

fara – fór – fórum hljóðskipti

14. Myndaðu með hljóðbreytingu tvö orð af rót orðanna: a) grípa b) hníga

a) greip gripur

b) hneigja hnignun

15. Myndaðu orð sem eru samsett á eftirfarandi hátt:

a) rót + rót + viðskeyti

mynd|grein|ing

b) forskeyti + rót + viðskeyti + beygingarending

á|ætl|un|in

16. Skiptu orðunum í orðhluta. Gættu þess að fylla aðeins í viðeigandi reiti.

| orð | forskeyti | rót | viðskeyti | stofn | beygingarending |
|---|---|---|---|---|---|
| samviska | sam | visk | | samvisk | a |
| fjölskyldan | fjöl | skyld | | fjölskyld | an |
| torveldur | tor | veld | | torveld | ur |
| lauslegur | | laus | leg | lausleg | ur |

17. Skrifaðu sagnirnar *hlæja* og *binda* í:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| a) 1.p. et. fh. nt. | hlæ | bind | e) lh. nt. | hlæjandi | bindandi |
| b) 1.p. et. fh. þt. | hló | batt | f) lh. þt. | hlegið | bundið |
| c) 1.p. et. vh. nt. | hlæi | bindi | g) bh. et. | hlæðu | bittu |
| d) 1.p. et. vh. þt. | hlægi | byndi | h) bh. ft. | hlæið | bindið |

18. Breyttu setningunni úr þolmynd í germynd. *Útskýringarnar voru skrifaðar af kennaranum.*

Kennarinn skrifaði útskýringarnar.

19. Settu viðeigandi númer fyrir framan orðin:
1) erfðaorð, 2) tökuorð, 3) nýyrði, 4) nýmerking, 5) sletta

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 5 bögga | 1 fjall | 2 kurteisi | 2 rólegheit | 4 skjár |
| 1 brauð | 3 geisladiskur | 3 kvikmynd | 1 saga | 3 tölva |
| 5 djóka | 1 klæði | 2 prestur | 2 sjoppa | 3 verslun |

20. Færðu hverja málsgrein til betri vegar.

| Vont mál | Gott mál |
|---|---|
| 1. Ég er ekki að skilja þetta. | Ég skil þetta ekki. |
| 2. Það verður sækt mig. | Ég verð sóttur. |
| 3. Þeim langar að lesa bókina. | Þá/Þær langar að lesa bókina. |
| 4. Guðmund hlakkar til helgarinnar. | Guðmundur hlakkar til helgarinnar. |
| 5. Mig kvíður fyrir. | Ég kvíði fyrir. |
| 6. Báturinn rekur frá landi. | Bátinn rekur frá landi. |
| 7. Ég fór á tvo tónleika í sumar. | Ég fór á tvenna tónleika. |
| 8. Á hvaða mynd fórstu á? | Á hvaða mynd fórstu? |
| 9. Stattu ekki í hurðinni. | Stattu ekki í dyrunum. |
| 10. Hún bað um eitthvað verkfæri. | Hún bað um eitthvert verkfæri. |
| 11. Spáðu í þessu! | Spáðu í þetta! |
| 12. Þetta er ekki að virka. | Þetta virkar ekki. |
| 13. Ég vill ekki gera þetta. | Ég vil þetta ekki. |
| 14. Kauptu einn líter af mjólk. | Kauptu einn lítra af mjólk. |
| 15. Okkur hlakkar ekki til. | Við hlökkum ekki til. |
| 16. Bílnum var ekið hart. | Bílnum var ekið hratt. |

21. Margræð orð: Skrifaðu þrjár setningar þar sem orðið *reka* er notað í mismunandi merkingu.

a) Finnur var *rekinn* úr vinnunni.

b) Ég *rak* mig í blómapottinn hjá ömmu í gær.

c) Nú er aðeins eftir að *reka* smiðshöggið á verkið.

22. Skrifaðu setningu sem er samsett á eftirfarandi hátt:

forsetningarliður + umsögn + einkunn + frumlag + forsetningarliður

Í dag kom skemmtilegi strákurinn til okkar.

23. Greindu orðin í setningarhluta.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fuglinn | frl. | Tóti | frl. | Ég | frl. | Boltinn | frl. |
| heitir | us. | er | us. | gaf | us. | er | us. |
| Tóti. | sf. | mjög | al. | honum | andl. | fallega | al. |
| Hann | frl. | hrifinn | sf. | lítinn | eink. | rauður | sf. |
| er | us. | af } | | bolta | andl. | og | tl. |
| blár. | sf. | boltum. } | fl. | áðan. | al. | hvítur. | sf. |

24. Skrifaðu svigaorðin rétt í eyðurnar. Stundum þarf að breyta um tölu orðsins.

Í upphafi (áratugurinn) áratugarins setti hann niður öll (tréð) trén. Steinn var með fullar hendur (fé) fjár og (ráða) réð smið (allur) allan mánuðinn. (Hún) Hún grunar hann um græsku. (Þeir) Þá langar í sund. (Þau) Þau langar líka í sund. (Eyrún) Eyrún kvíðir fyrir að fá (einkunnirnar) einkunnirnar. (Þeir) Þá vantar pening á (veturinn) veturna. Ég fór til (Hjörtur) Hjartar. (Hún) Hún hlakkar til (helgin) helgarinnar. Snorri horfði á (kýrin) kúna mjólkaða. Á fjósinu eru (tveir) tvennar dyr. Iðunn fer stundum til (Akureyri) Akureyrar og (Blönduós) Blönduóss. Sverrir fer oftar til (Sauðárkrókur) Sauðárkróks. Mér (finnast) fyndist gaman ef þú kæmir með. Horfum öll til (himinn) himins. Niðurstöður (könnunin) könnunarinnar komu á óvart. Áðan rak (báturinn) bátinn frá landi. Róbert svaf (allur) allan daginn. Ármann er frændi (Arnþrúður) Arnþrúðar. Gjöfin er frá (Össur, Örn og Iðunn Ýr) Össuri, Erni og Iðunni Ýri. Ferðin var til (ekkert) einskis. Það heyrðist ekkert í (kötturinn) kettinum. Þetta er afi (pilturinn) piltsins. Guðrún (yrkja) orti fallegt kvæði. Guðfinnur (alast) ólst upp í Vík.

# 1. AÐ SKRIFA UPPÚR SÉR

Í þessu verkefni koma eftirfarandi atriði fyrir:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| afleidd orð<br>atviksorð<br>beygingarending<br>eintala | fallbeyging<br>forliður<br>forskeyti<br>frumlag | greinir<br>hljóðbreyting<br>kennimyndir<br>nafnorð | orðasamband<br>orðhlutar<br>rót<br>sagnorð | sterk beyging sagna<br>veik beyging sagna<br>viðskeyti |

STAFSETNING



Tilhneiging Halldórs Laxness til bókmenntaskrifa kom snemma fram. Eitt sinn fór hann með föður sínum að smala. Þeir komu heim aftur árla morguns og þá uppgötvaði Halldór að móðir hans hafði tekið til í herberginu. Handritin, sem hann geymdi í gömlum kistli, voru horfin ásamt ýmsu öðru drasli sem hann hafði sankað að sér, búið að brenna öllu saman. Drengurinn var ekki mönnum sinnandi lengi á eftir. (67 orð)

## Verkefni a)

1. Skiptu orðinu í orðhluta með því að draga lóðrétt strik milli þeirra. Myndaðu tvö afleidd orð af rótinni.

   *t i l | h n e i g | i n g*

   Afleidd orð: hneigja ___ hneigð ___

2. Beygðu sögnina *hníga* í kennimyndum. Hvað heitir hljóðbreytingin sem fram kemur?

   hníga ___ hneig ___ hnigum ___ hnigið ___

   Hljóðbreytingin heitir: hljóðskipti ___

3. Skrifaðu orðin *morgunn* og *faðir* í þolfalli eintölu með greini.

   *morgunn* morguninn ___

   *faðir* föðurinn ___

4. Orðinu *uppgötva* má skipta í forlið, rót, viðskeyti og beygingarendingu. Dragðu lóðrétt strik á milli orðhlutanna. Rifjaðu upp tvö önnur orð sem hafa sama forlið.

   *u p p | g ö t | v | a*

   Önnur orð: uppfinning ___ upptekinn ___

5. Skiptu orðinu í orðhluta með því að draga lóðrétt strik á milli þeirra. Finndu tvö orð sem hafa sömu rót.

   *í | m y n d | u n*

   Önnur orð: mynda ___ myndarlegur ___

6. Finndu eitt orð í textanum sem hefur þrjár rætur.

   bókmenntaskrifa ___

## Verkefni b)

1. Beygðu sagnirnar *vera*, *taka* og *sanka* í kennimyndum. Taktu fram hvort beygingin er veik eða sterk.

| | | beyging |
|---|---|---|
| *vera* | – var – vorum – verið | s.b. |
| *taka* | – tók – tókum – tekið | s.b. |
| *sanka* | – sankaði – sankað | v.b. |

2. Útskýrðu merkingu orðasambandsins *að vera ekki mönnum sinnandi.*

   Orðasambandið merkir að vera varla
   fær um að tala við nokkurn mann
   vegna sorgar eða vanlíðunar.

3. Útskýrðu merkingu eftirfarandi orða: Sjá orðabók.

*feðgar* ______

*mæðgin* ______

*mágkona* ______

*svili* ______

*feðgin* ______

*mæðgur* ______

*mágur* ______

*svilkona* ______

4. Finndu níu atviksorð í stafsetningartextanum.

| | | |
|---|---|---|
| snemma | fram | heim |
| aftur | árla | þá |
| (tekið) til | ekki | lengi |

5. Finndu í stafsetningartextanum tíu fornöfn.

| | | |
|---|---|---|
| hann | sínum | þeir |
| hans | hann | ýmsu |
| öðru | hann | sér |
| öllu | | |

**Verkefni c)**

1. Strikaðu undir frumlagið í setningunum.
*Handritin voru horfin. Móðir hans hafði brennt þau. Eitt sinn fór hann með föður sínum að smala.*

2. Finndu tvær setningar í stafsetningartextanum þar sem frumlag er fremst. Breyttu orðaröð þeirra þannig að frumlag verði ekki í fyrsta sæti.

Snemma kom tilhneiging Halldórs Laxness . . . Árla morguns komu þeir aftur heim . . .

3. Í hvaða sæti í setningum heldur þú að algengast sé að hafa frumlag?

Fyrsta sæti.

4. Skrifaðu setningar sem eru samsettar á eftirfarandi hátt:

*frumlag + umsögn + forsetningarliður*

Hann fór í ferðalag.

*forsetningarliður + umsögn + frumlag*

Á morgun kemur Guðmundur.

**Upplestur**



Skrifaðu stafsetningartextann eftir upplestri.

Áætlaður villufjöldi ______ Villur alls ______

Í þessu verkefni koma eftirfarandi atriði fyrir:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| forsetningarliður | hljóðbreyting | málsgrein | orðhlutar | sérstæð og hliðstæð fornöfn |
| forskeyti | kennimyndir | málsháttur | orðtak | umsögn |
| frumlag | ljóðstafir | nafnháttur | orsakasögn | viðskeyti |
| hættir sagnorða | lýsingarorð | nafnorð | rót | |

STAFSETNING

Þórbergur taldi að hófsemi væri hirsla dyggðanna og vildi temja sér heilbrigða lífshætti. Ætlun hans var m.a. að kosta ávallt kapps um að leita sannleikans og hafa ætíð eitthvert viðfangsefni til íhugunar. Hann ætlaði að beina huganum óskiptum að viðfangsefni sínu, tala hreina og ómengaða íslensku með skaftfellskum framburði og hafa menntamannabrag á máli sínu. Oft er sagt að hægara sé að kenna heilræðin en halda þau! (67 orð)



## Verkefni a)

1. Skiptu nafnorðinu í orðhluta með því að draga lóðrétt strik á milli þeirra. Rifjaðu upp tvö önnur nafnorð sem eru mynduð á sama hátt, þ.e. *forskeyti + rót + viðskeyti.*

   *í | h u g | u n*

   á + skor + un    á + ætl + un

2. Skiptu lýsingarorðinu í orðhluta. Rifjaðu upp þrjú orð sem hafa sömu rót.

   *ó | s k i p t | u m*

   skipta    skipting    skipti

3. Hvernig getur þú útskýrt ritun tvöfalda samhljóðans í lýsingarorðinu *skaftfellskum?*

   Í stofni orðsins er tvöfaldur samhljóði.

   Það heyrist t.d. í sögninni *fella*.

4. Orðið *heilbrigði* tengist sögninni *bregða*. Hvað heitir hljóðbreytingin sem kemur fram? Rifjaðu upp fleiri orð þar sem sams konar hljóðbreyting kemur fram.

   *bregða – brigði*   e → *i*   i-hljóðvarp

   veður – viðri

5. Sögnin *leita* er orsakasögn sem mynduð er af annarri kennimynd sterku sagnarinnar *líta*. Myndaðu orsakasagnir af eftirfarandi sögnum.

   *bíta* beita    *fara* færa

   *brjóta* breyta    *þjóta* þeyta

## Verkefni b)

1. Finndu tvo málshætti í stafsetningartextanum og skrifaðu þá upp. Getur þú útskýrt merkingu þeirra? Dragðu hring utan um ljóðstafina.

   *Hófsemi er hirsla dyggðanna.* Þeir sem gæta hófs hafa rúm fyrir aðrar dyggðir.

   *Hægara er að kenna heilræðin en halda þau.* Auðveldara er að ráðleggja öðrum heilt.

2. Útskýrðu merkingu orðtaksins *að kosta kapps um e-ð.*

   Legga sig fram um að gera eitthvað vel. Leggja mikla áherslu á eitthvað.

3. Til að finna orðið *sögðum* í orðabók þarf að leita að nafnhætti sagnarinnar, þ.e. *segja*. Í stafsetningartextanum eru sautján sagnorð í ýmsum háttum. Skrifaðu þau upp í nafnhætti.

| | | |
|---|---|---|
| telja | vera | vilja |
| temja | vera | kosta |
| leita | hafa | ætla |
| beina | tala | hafa |
| vera | segja | vera |
| kenna | halda | |

4. Útskýrðu hvaða munur er á notkun sérstæðra og hliðstæðra fornafna. Finndu dæmi í stafsetningartextanum um fornafn sem er notað hliðstætt.

. . . hafa ætíð eitthvert viðfangsefni.

Hliðstæð fornöfn standa með fallorði og eru í sama kyni og falli. Sérstæð fornöfn standa ekki með öðru fallorði.

## Verkefni c)

1. Í stafsetningartextanum eru fjórar málsgreinar. Ein þeirra hefst ekki á frumlagi. Finndu hana.

Oft er sagt að hægara sé . . .

2. Skrifaðu setningu sem er samsett á eftirfarandi hátt:

*einkunn + frumlag + umsögn + forsetningarliður*

Allir krakkarnir fóru í leikfimi.

3. Finndu fjóra forsetningarliði í stafsetningartextanum og skrifaðu þá upp.

til íhugunar

að viðfangsefni sínu

með skaftfellskum framburði

á máli sínu

## Upplestur

Skrifaðu stafsetningartextann eftir upplestri.



Áætlaður villufjöldi _____ Villur alls _____

Í þessu verkefni koma eftirfarandi atriði fyrir:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| aðalsögn | fornöfn | hljóðskiptasögn | nafnorð | rót |
| afleidd orð | frumlag | kennimyndir | orðflokkar | sagnasamband |
| fall | hjálparsögn | lýsingarorð | orðhlutar | sterk beyging |
| beyging | hljóðbreyting | málsgrein | orðtak | |

STAFSETNING

Hjón í Kópavogi höfðu lengi látið sig dreyma um nýjar og breyttar lífsvenjur en treystu sér hins vegar ekki til að láta drauminn rætast upp á eigin spýtur. Þau gripu því tækifærið og féllust á að vera þátttakendur í grænni byltingu en svo kallast norrænt umhverfisátak. Fjölskyldur víða um Norðurlönd taka þátt í verkefninu. Vafalaust hlakka hjónin til að takast á við þá ábyrgð sem fylgir viðfangsefninu. (67 orð)



## Verkefni a)

1. Sögnin *grípa* er hljóðskiptasögn og hefur sterka beygingu. Beygðu hana í kennimyndum og finndu tvö afleidd orð af þriðju kennimynd.

grípa ___ greip ___ gripum ___ gripið ___

Afleidd orð: gripdeild, gripur, grip

2. Rifjaðu upp nokkur orð sem hafa sömu rót og orðin a) *dreyma*, b) *breyttur* og c) *ábyrgð*. Athugaðu að ýmsar hljóðbreytingar geta átt sér stað í rótinni.

a) dreyminn, draumur, draumlyndur

b) breyting, breyta, braut

c) borga, borgun, ábyrgðarfullur

3. Nafnorðið *Norðurlönd* er skrifað með stórum staf en lýsingarorðið *norrænn* með litlum. Hvernig má útskýra þennan mun?

Orðið *Norðurlönd* er sérnafn og því skrifað með stórum staf. *Norrænn* er lýsingarorð og þau eru aldrei skrifuð með stórum staf.

4. Skiptu orðinu í orðhluta með því að draga lóðrétt strik á milli þeirra. Myndaðu þrjú orð með sömu rót og taktu fram hvaða orðflokkum þau tilheyra.

*f j ö l | s k y l d | a*

orð skuld ___ orðfl. no.

orð skuldunautur ___ orðfl. no.

orð skyldmenni ___ orðfl. no.

5. Skiptu orðinu í orðhluta. Myndaðu tvö orð af hvorri rót þess, með eða án hljóðbreytingar. Taktu fram hvaða orðflokkum þau tilheyra.

*þ á t t | t a k | e n d | u r*

orð þáttur ___ orðfl. no.

orð þáttaskil ___ orðfl. no.

orð taka ___ orðfl. so.

orð útitekinn ___ orðfl. lo.

## Verkefni b)

1. Útskýrðu með eigin orðum merkingu orðtaksins *að gera e-ð upp á eigin spýtur.*

   gera e-ð af eigin rammleik, þurfa ekki

   að fá aðstoð annarra

2. Orðið *annar* er óákveðið fornafn. Skrifaðu setningu þar sem það kemur fyrir í kvk. þgf. et.

   Þetta bréf er frá *annarri* konu.

3. Finndu fimm fornöfn í stafsetningartextanum. Skrifaðu þau upp og taktu fram hver undirflokkur þeirra er.

   sig – afn. sér – afn. eigin – ófn.

   þau – pfn. þá – áfn.

## Verkefni c)

1. Hvert er stig lýsingarorðanna í stafsetningartextanum?

   frumstig

2. Sögnin *hlakka* tekur með sér frumlag í nefnifalli. Dæmi: *ég* hlakka, *þú* hlakkar. Skrifaðu sex setningar með sögninni *hlakka*. Notaðu orðin *Páll, hún, þið, við, þeir* og *krakkarnir* sem frumlag.

   Páll hlakkar til. Við hlökkum til.

   Hún hlakkar til. Þeir hlakka til.

   Þið hlakkið til. Krakkarnir hlakka til.

3. Finndu í stafsetningartextanum dæmi um sagnasamband þar sem önnur sögnin er hjálparsögn en hin aðalsögn.

   **Algengar hjálparsagnir eru *hafa, vera, verða* og *geta*.**

   höfðu látið

4. Í stafsetningartextanum eru fjórar málsgreinar. Ein þeirra hefst ekki á frumlagi. Finndu hana.

   Vafalaust hlakka . . .

## Upplestur

Skrifaðu stafsetningartextann eftir upplestri.



Áætlaður villufjöldi ____ Villur alls ____